

Mat félagsmanna FL á þörf fyrir undirbúningstíma

Skýrsla unnin fyrir
Félag leikskólakennara og
Launanefnd sveitarfélaga

Ingibjörg Kaldalóns

Kristín Björnsdóttir

Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands
Maí 2006

© Ingibjörg Kaldalóns og Kristín Björnsdóttir
Mat félagsmanna FL á þörf fyrir undirbúningstíma
Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
	1.1 Leikskólastigið	3
	1.2 Framkvæmd	4
2	Bakgrunnsupplýsingar	5
3	Niðurstöður könnunar meðal leikskólastjóra.....	8
	3.1 Skipulag og vinnuaðstaða.....	8
	3.2 Þörf á undirbúningstíma	11
4	Niðurstöður könnunar meðal leikskólakennara	16
	4.1 Skipulag og vinnuaðstaða.....	16
	4.2 Þörf á undirbúningstíma	20
5	Samanburður á svörum leikskólastjóra og leikskólakennara	24
6	Viðauki	27
	6.1 Leikskólastjórar-tíðnitöflur	27
	6.2 Leikskólakennarar - tíðnitöflur	31
	6.3 Leikskólakennarar - krosstöflur	35

Myndir

Mynd 3.1 Mat á vinnuaðstöðu í leikskólanum fyrir undirbúningsvinnu	8
Mynd 3.2 Hvernig er skipulagi undirbúningsstíma háttáð?	9
Mynd 3.3 Hvernig stenst skipulag varðandi undirbúningsstíma?	9
Mynd 3.4 Standist skipulagið ekki, hvernig er leyst úr því?	10
Mynd 3.5 Vinna starfsmenn við undirbúningsstíma án afleysingar á deild?	10
Mynd 3.6 Er nauðsynlegt að kalla til afleysingarmanneskju allan undirbúningsstímann?	11
Mynd 3.7 Ánægja eða óánægja með núverandi fjölda undirbúningsstíma	11
Mynd 3.8 Á að miða lágmarks undirbúningsstíma við fjölda stöðugilda, fjölda barna eða bæði?	12
Mynd 3.9 Hvað þarf undirbúningsstími að vera mikill pr. barn á viku?	13
Mynd 3.10 Ef tími til undirbúnings væri aukinn, í hvaða verkefni ber helst að nýta tímann?	13
Mynd 3.11 Ef rekstrarfé til leikskóla væri aukið, hvað skiptir mestu máli?	14
Mynd 3.12 Hvernig ber að ákvarða undirbúningsstíma?	14
Mynd 3.13 Ástæður fyrir því að ekki var svigrúm til að úthluta viðbótar undirbúningsstíma	15
Mynd 4.1 Mat á vinnuaðstöðu í leikskólanum fyrir undirbúningsvinnu	16
Mynd 4.2 Hvar er undirbúningsstími sinnt?	17
Mynd 4.3 Hvernig er skipulagi undirbúningsstíma háttáð?	17
Mynd 4.4 Hvernig stenst skipulag varðandi undirbúningsstíma?	18
Mynd 4.5 Standist skipulagið ekki, hvernig er leyst úr því?	18
Mynd 4.6 Kemur starfsmaður í afleysingu á deild þegar þú sinnir undirbúningsvinnu?	19
Mynd 4.7 Er nauðsynlegt að fá afleysingu allan þann tíma sem undirbúningsvinnu er sinnt?	19
Mynd 4.8 Ánægja eða óánægja með núverandi fjölda undirbúningsstíma	20
Mynd 4.9 Á að miða lágmarks undirbúningsstíma við fjölda stöðugilda, fjölda barna eða bæði?	20
Mynd 4.10 Hvað þarf undirbúningsstími að vera mikill pr. barn á viku?	21
Mynd 4.11 Ef tími til undirbúnings væri aukinn, í hvaða verkefni ber helst að nýta tímann?	22
Mynd 4.12 Ef rekstrarfé til leikskóla væri aukið, hvað skiptir mestu máli?	22
Mynd 4.13 Hvernig ber að ákvarða undirbúningsstíma?	23

Töflur

Tafla 1.1. Svörun	4
Tafla 2.1 Leikskólastjórar – bakgrunnsupplýsingar	5
Tafla 2.1. Leikskólastjórar – bakgrunnsupplýsingar	6
Tafla 2.2 Leikskólakennarar – bakgrunnsupplýsingar	6
Tafla 3.1 Hvað telur þú að undirbúningsstími þurfi að vera mikill í venjulegri viku?	12
Tafla 4.1 Hversu langur tími fer að jafnaði í undirbúningsvinnu?	16
Tafla 4.2 Hvað telur þú að undirbúningsstími þurfi að vera mikill í venjulegri viku?	21

1 Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum úr könnun sem Rannsóknarstofnun Kennaraháskólans vann fyrir Félag leikskólakennara (FL) og Launanevnd sveitarfélaga (LN). Markmið með könnuninni er að kanna álit leikskólastjóra og leikskólakennara/deildarstjóra á þörf fyrir undirbúningsvinnu utan hefðbundinna starfa á deild og við hvað hann skuli miðast. Könnunin er gerð í samræmi við Bókun IV í kjarasamningi LN og FL frá árinu 2004. Þar kemur fram að framkvæmd verði könnun á þörf deildarstjóra annars vegar og almennra leikskólakennara hins vegar fyrir undirbúningsvinnu utan hefðbundinna starfa á deild. Þar kemur einnig fram að sérstaklega skuli kannaðar og útfærðar hugmyndir samninganefndar FL um að auka vægi undirbúningstíma hjá deildarstjórum með tilliti til fjölda barna og fjölda fagmenntaðra starfsmanna á deild. Í kjarasamningnum kemur fram að lágmarks undirbúningstími leikskólakennara í leikskólum eru fjórar klukkustundir á viku miðað við fullt starf en deildarstjóra og leikskólasérkennara fimm klukkustundir. Undirbúningstími notist meðal annars til starfsáætlanagerðar, viðtalstíma fyrir foreldra og annars foreldrasamstarfs, atferlisathugana og kynnisferða. Leikskólastjóri skipuleggur fyrirkomulag undirbúningstíma (sjá nánar grein 2.7.1 í kjarasamningi frá 2004).

1.1 Leikskólastigið

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru starfræktir 262 leikskólar á landinu árið 2005. Starfsfólk leikskóla er að meirihluta konur, eða um 80% starfsfólks. Hlutfall leikskólakennara hefur verið nokkuð stöðugt undanfarin ár, en hæst hlutfall leikskólakennara við störf er á Norðurlandi eystra en þar er það um 40%. Í Reykjavík er hlutfallið 27%, en lægst á Vestfjörðum (16%) og Norðurlandi vestra. Árið 2005 voru 16.864 börn í leikskólum í landinu.

1.2 Framkvæmd

Gagna var aflað í apríl 2006 með vefkönnun í samvinnu við *Outcome* sem sérhæfir sig í framkvæmd rafrænna kannana. Um var að ræða spurningakönnun meðal leikskólastjóra annars vegar og hins vegar meðal annarra félagsmanna FL, þ.e. leikskólakennara, deildarstjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Félag leikskólakennara uppfærði netfangaskrá félagsmanna vegna könnunarinnar og var hún send öllum félagsmönnum sem höfðu netföng, en það reyndust vera um 95% félagsmanna. Auk þess reyndust um 9% netfanga óvirk eða röng. Í heildina bárust svör frá 856 félagsmönnum FL, þar af 171 leikskólastjórum og 685 leikskólakennurum. Svörun var því 66% meðal leikskólakennara og rúmlega 72% hjá leikskólastjórum. Þar sem leitast var við að ná til allra félagsmanna FL (í stað þess að taka úrtak) og hlutfall svarenda er hátt má ætla að þær niðurstöður sem settar eru fram í skýrslunni endurspegli viðhorf allra félagsmanna FL.

Tafla 1.1. Svörun

	Fjöldi sem fékk könnun	Fjöldi svara	Hlutfall
Leikskólastjórar	236	171	72,5%
Leikskólakennarar/deildarstjórar/aðstoðarleikskólastjórar	1032	685	66,4%
Heildarfjöldi félagsmanna sem svara	1268	856	67,5%

Skýrslan er sett fram í þrem meginköflum auk inngangsins. Í fyrstu eru settar fram bakgrunnsupplýsingar í töflum annarsvegar fyrir leikskólastjóra og hins vegar fyrir aðra leikskólakennara. Þegar vísað er til leikskólakennara er fjallað um niðurstöður annarra félagsmanna FL en leikskólastjóra, þ.e. bæði deildarstjóra og almenna leikskólakennara auk þeirra aðstoðarskólastjóra sem ekki starfa sem deildarstjórar. Þá verða niðurstöður kannana meðal leikskólastjóra annar svegar og leikskólakennara hins vegar settar fram í máli og myndum í þriðja og fjórða kafla. Þá verða niðurstöður þessara tveggja svarendahópa bornar stuttlega saman. Að lokum er settur fram viðauki þar sem sjá má ítarlegri niðurstöður ásamt upplýsingum um öryggismörk. Í viðauka má einnig sjá krosstöflur úr svörum leikskólakennara þar sem meginspurningar um mat á þörf fyrir undirbúningstíma eru greindar eftir bakgrunnsbreytum. Hins vegar er leikskólastjórahópurinn of fámennur og dreifing svara í mörgum tilvikum of lítil til að unnt sé að setja fram sambærilegar upplýsingar um þann hóp.

2 Bakgrunnsupplýsingar

Fyrst ber að líta yfirlit yfir bakgrunnsupplýsingar um svarendur og þá leikskóla sem þeir starfa við. Tafla 1.1 sýnir upplýsingar um leikskólastjóra og í töflu 2.1 má sjá yfirlit yfir leikskólakennara og deildarstjóra/aðstoðarleikskólastjóra.

Leikstjórastjórar sem svöruðu höfðu að meðaltali verið starfandi sem leikskólastjórar í tæp 11 ár. Þegar vísað er til starfsreynslu í töflunni er átt við reynslu í starfi sem leikskólastjóri. Rúmlega helmingur svarenda starfar í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu, en 46% svarenda starfar utan höfuðborgarsvæðisins. Grunnstöðugildi í leikskólunum eru allt frá því að vera tæplega tvö og í stærsta skólanum 26. Með grunnstöðugildum er átt við stöðugildi fyrir utan stöðugildi vegna sérkennslu, afleysinga og ræstinga, en leikskólastjóri meðtalinn. Af þessum bakgrunnsupplýsingum má sjá að svarendur eru fjölbreyttur hópur hvað varðar aldur, starfsreynslu og stærð leikskóla (sjá nánar í töflu 2.1).

Tafla 2.1 Leikskólastjórar – bakgrunnsupplýsingar

	Hlutfall %	Fjöldi
Aldur		
Yngri en 25 ára	0	0
25 – 34 ára	8,2	14
35 – 44 ára	33,3	57
45 – 54 ára	46,2	79
55 ára og eldri	12,3	21
	100%	171
Starfsreynsla sem leikskólastjóri		
1 – 5 ár	31,5	53
6 – 10 ár	25,6	43
11 – 15 ár	20,2	34
16 – 20 ár	10,1	17
21 – 25 ár	8,9	15
26 ár eða lengur	3,6	6
	100%	168
Fjöldi barna í leikskólanum		
Færri en 50 börn	25,7	44
50 – 99 börn	57,4	98
100 – 149 börn	16,4	28
150 og fleiri börn	0,6	1
	100%	171
Grunnstöðugildi á leikskólum		
1 – 5 stöðugildi	14	23
5,1 – 10 stöðugildi	34,1	33
10,1 – 15 stöðugildi	30,5	50
15,1 – 20 stöðugildi	26,8	44
20,1 – 25 stöðugildi	7,3	12
25,1 eða fleiri	1,2	2
<i>Meðaltal: 12,5</i>	100%	164

Tafla 2.1 frh. Leikskólastjórar – bakgrunnsupplýsingar

	Hlutfall %	Fjöldi
Grunnstöðugildi skipuð leikskólakennurum		
1 – 5 stöðugildi	51,8	87
5,1 – 10 stöðugildi	38,7	65
10,1 – 15 stöðugildi	8,3	14
15,1 – 20 stöðugildi	1,2	2
Meðaltal: 5,5	100%	168
Hlutfall leikskólakennara í skóla		
0% – 25%	16,0	26
26% – 50%	51,5	84
51% – 75%	27,0	44
76% – 100%	5,5	9
Meðaltal: 44%	100%	163
Staðsetning leikskóla		
Höfuðborgarsvæði	54	90
Utan höfuðborgarsvæðis	46	77
	100%	167

Tafla 2.2 sýnir að 74% svarenda (félaga í FL) eru starfandi deildarstjórar. Rúmlega 62% svarenda starfar á höfuðborgarsvæðinu og um 38% starfar utan höfuðborgarsvæðisins. Svarendur höfðu að meðaltali starfað ellefu ár í leikskóla að námi loknu en stærsti hópur svarenda hafði starfað í 1 – 5 ár. Með starfsreynslu leikskólakennara og deildarstjóra er átt við fjölda ára í starfi á leikskóla að leikskólakennaranámi loknu. Með grunnstöðugildum er átt við stöðugildi fyrir utan stöðugildi vegna sérkennslu, afleysinga og ræstinga. Hlutfall leikskólakennara er að meðaltali 51% á deild, allt frá því að hafa engan leikskólakennara upp í að vera fullskipuð leikskólakennurum. Í heildina sýnir tafla 2.2. fjölbreytni svarenda er varðar aldur, starfsreynslu og stærð deilda, enda könnunin lögð fyrir meirihluta félagsmanna FL.

Tafla 2.2 Leikskólakennarar – bakgrunnsupplýsingar

	Hlutfall %	Fjöldi
Aldur		
Yngri en 25 ára	0,4	3
25 – 34 ára	27,3	187
35 – 44 ára	36,7	251
45 – 54 ára	27,9	191
55 ára og eldri	7,6	52
	100%	684
Starfsheiti		
Leikskólakennari	25,4	174
Deildarstjóri	70,8	485
Aðrir (t.d. aðst.skólastjórar)	9,6	26
	100%	685
Staðsetning leikskóla		
Höfuðborgarsvæði	62	419
Utan höfuðborgarsvæðis	38	262
	100%	681

Tafla 2.2 frh. Leikskólakennarar - bakgrunnsupplýsingar

	Hlutfall %	Fjöldi
Starfsreynsla að námi loknu		
1 – 5 ár	35,4	238
6 – 10 ár	23,5	158
11 – 15 ár	13,8	93
16 – 20 ár	11,6	78
21 – 25 ár	7,9	53
26 ár eða lengur	7,9	53
	100%	673
Starfshlutfall		
Í fullu starfi	59,2	405
Í hlutastarfi	40,8	279
	100%	684
Fjöldi barna á deild		
Færri en 10 börn	1,5	10
11 – 19 börn	23,3	155
20 – 24 börn	41,7	277
25 – 29 börn	25,9	172
30 eða fleiri börn	7,7	51
	100%	665
Grunnstöðugildi á deild		
2,0 eða færri stöðugildi	5,7	36
2,1 – 3,0 stöðugildi	44,1	281
3,1 – 4,0 stöðugildi	39,1	249
4,1 – 5,0 stöðugildi	9,4	60
5,1 eða fleiri	1,7	11
<i>Meðaltal: 3,5</i>	100%	637
Grunnstöðugildi skipuð leikskólakennurum		
1,0 eða færri stöðugildi	43,1	276
1,1 – 2,0 stöðugildi	38,4	246
2,1 – 3,0 stöðugildi	14,8	95
3,1 – 4,0 stöðugildi	3,0	20
4,1 eða fleiri	0,8	6
<i>Meðaltal: 1,7</i>	100%	641
Hlutfall leikskólakennara á deild		
0% – 25%	14,9	93
26% – 50%	46,5	291
51% – 75%	26,8	168
76% – 100%	11,8	74
<i>Meðaltal: 51%</i>	100%	626


3 Niðurstöður könnunar meðal leikskólastjóra

Í þessum hluta er greint frá mati leikskólastjóra á þörf fyrir undirbúningsvinnu utan hefðbundinna starfa á deild og viðhorfum þeirra til vinnuaðstöðu og skipulags undirbúnings tíma.

3.1 Skipulag og vinnuaðstaða


Skólastjórnendur voru beðnir um að meta vinnuaðstöðu í leikskólanum fyrir undirbúningsvinnu. Um það bil 16% töldu hana mjög góða, og ríflega þriðjungur taldi hana nokkuð góða. Um fimmtingur tók ekki afstöðu til spurningarinnar. Tæplega þriðjungur svarenda taldi hana fremur slæma (16%) eða mjög slæma (13%) (sjá mynd 3.1).

Mynd 3.1 Mat á vinnuaðstöðu í leikskólanum fyrir undirbúningsvinnu




Þá var spurt um skipulag undirbúningstíma, hvernig skipulagi væri háttað og hversu oft eða sjaldan það stæðist. Meirihluti (58%) leikskólastjóra sögðu undirbúningstíma nýttan vikulega, fimmtungur taldi hann vera nýttan oftar en einu sinni í viku og færri sögðu hann unnin daglega. Aðeins tveir svarenda sögðu undirbúningstíma nýttan sjaldnar en hálfsmánaðarlega (1%). Þetta má sjá á mynd 3.2.

Mynd 3.2 Hvernig er skipulagi undirbúningstíma háttað?




Mynd 3.3 sýnir svör við spurningu um hversu oft eða sjaldan skipulag undirbúningstíma standist. Hún sýnir að meirihluti leikskólastjóra sögðu undirbúning standast oftast (43%) eða frekar oft (30%). Fimmtungur sagði skipulagið standast stundum en mjög fáir sögðu að það stæðist sjaldan eða aldrei.

Mynd 3.3 Hvernig stendur skipulag varðandi undirbúningstíma?




Þegar skipulag stenst ekki sögðu leikskólastjórar í flestum tilvikum (79%) að undirbúningur væri unninn síðar, en í rúmlega 15% tilvika að hann væri unninn í yfirvinnu. Um 3% leikskólastjóra sögðu undirbúning felldan niður og sama hlutfall taldi að hann væri leystur með öðrum hætti stæðist skipulagið ekki (sjá mynd 3.4).

Mynd 3.4 Standist skipulagið ekki, hvernig er leyst úr því?




Þegar spurt var hvort starfsmenn sinntu undirbúningi án þess að vera leystir af inni á deild sögðu rúmlega 40% leikskólastjóra það aldrei eða nánast aldrei gerast. Um fjórðungur leikskólastjóra sögðu undirbúning fara fram án afleysinga stundum og jafn stórt hlutfall að það væri sjaldan gert. Í 11% tilvika sögðu leikskólastjórar að starfsmenn ynnu oft eða alltaf undirbúningsvinnu án þess að vera leystir af á deildinni (sjá mynd 3.5).

Mynd 3.5 Vinna starfsmenn við undirbúning án afleysingar á deild?



Þá var spurt hvort hvort nauðsynlegt sé að kalla til afleysingarmanneskju allan undirbúningstímann og var meirihluti skólastjóranda sammála því að það væri oftast/alltaf nauðsynlegt (68%). Á hinn bóginn voru mjög fáir (3%) sem töldu það sjaldan eða aldrei nauðsynlegt (sjá mynd 3.6).


Mynd 3.6 Er nauðsynlegt að kalla til afleysingarmanneskju allan undirbúningstímann?



3.2 Þörf á undirbúningstíma


Eins og áður kom fram er undirbúningstími á viku miðaður við ákveðinn tímafjölda fyrir hvert stöðugildi, eða fjóra tíma fyrir leikskólakennara og fimm tíma fyrir deildarstjóra og var spurt um ánægju með núverandi fjölda undirbúningstíma. Um helmingur leikskólustjóra sagðist mjög (10%) eða fremur (40%) ánægður með fyrirkomulagið en fjórðungur reyndist óánægður. Um fjórðungur tók ekki afstöðu til spurningarinnar (sjá mynd 3.7).

Mynd 3.7 Ánægja eða óánægja með núverandi fjölda undirbúningstíma



Spurt var um hvert fyrirkomulag undirbúningstíma ætti að vera að mati leikskólastjóra. Hvort miða ætti lágmarks undirbúningstíma við fjölda stöðugilda, fjölda barna eða hvors tveggja og töldu 64% leikskólastjóra að miða ætti lágmarks undirbúningstíma bæði við fjölda stöðugilda og fjölda barna. Í tæplega 15% tilvika töldu svarandur að undirbúningstímar ættu að vera miðaðir við stöðugildi og um fimmtungur leikskólastjóra að miða ætti við fjölda barna (sjá mynd 3.8).

Mynd 3.8 Á að miða lágmarks undirbúningstíma við fjölda stöðugilda, fjölda barna eða bæði?




Þá taldi mikill meirihluti svarenda (85%) að deildastjóri þurfi fleiri undirbúningstíma, sé hann eini leikskólakennarinn á deildinni. Leikskólastjórar töldu að væri undirbúningstími miðaður við stöðugildi, þyrftu deildarstjórar um að yfir sex klukkustundir á viku til undirbúnings, leikskólakennarar 4,4 klukkustundir og almennir starfsmenn 2,5 klukkustundir, en þetta má sjá nánar í töflu 3.1.

Tafla 3.1 Hvað telur þú að undirbúningstími þurfi að vera mikill í venjulegri viku ?

	Meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Tíðasta gildi
Deildarstjóri með leikskólakennaramenntun	6,4	2	18	5
Deildarstjóri án leikskólakennaramenntunar	5,8	2	13	5
Leikskólakennari	4,4	1	7	4
Almennur starfsmaður	2,5	0	8	2


Ríflega 40% leikskólastjóranna töldu undirbúningstíma fyrir hvert barn þurfa vera 15 – 20 mínútur á viku og um fimmtungur taldi hann þurfa að vera 21–30 mínútur á viku. Svipað hlutfall taldi undirbúningstíma þurfa vera 31 – 40 mínútur en rúmlega en 7% töldu undirbúningstíma þurfa vera meira en 40 mínútur. Um 10% svarenda töldu undirbúningstíma þurfa vera minni en 15 mínútur á viku (sjá mynd 3.9).

Mynd 3.9 Hvað þarf undirbúningstími að vera mikill pr. barn á viku?




Leikskólastjórar voru spurðir í hvaða verkefni þeir myndu helst vilja nýta aukinn undirbúningstíma. Um það bil 50% nefndu skipulagningu uppeldisstarfsins, fimmtungur nefndi starfsmannastjórnun á deild og 17% rafræna upplýsingagjöf. Þá merktu rúmlega 12% við foreldrasamstarf og einungis 2% við sérkennslu eða samskipti við sérfræðinga (sjá mynd 3.10).

Mynd 3.10 Ef tími til undirbúnings væri aukinn, í hvaða verkefni ber helst að nýta tímann?




Að sama skapi var spurt hvað skipti mestu máli ef rekstrarfé til leikskóla væri aukið og gátu svarendur aðeins valið einn svarmöguleika, jafnvel þótt margir telji e.t.v marga þeirra mikilvæga. Yfir helmingur leikskólastjóra taldi fækkun barngilda á hvern starfsmann skipta mestu máli. Um fimmtungur taldi fjölgun skipulagsdaga skipta mestu máli en lægra hlutfall, eða 6% taldi fjölgun undirbúningstíma mikilvægasta. Tæplega 9% nefndu aukið stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra, 8% endurbætur á húsnæði eða lóð og um 2% töldu bætt kennslugögn eða búnað skipta mestu máli (sjá mynd 3.11).

Mynd 3.11 Ef rekstrarfé til leikskóla væri aukið, hvað skiptir mestu máli?




Spurt var hvernig ákvarða ætti undirbúningstíma í leikskólum. Í rúmlega 40% tilvikum vildu leikskólastjórar ákvarða undirbúningstíma í samráði við starfsfólk. Um það bil 29% leikskólastjóra vildu skilgreina nákvæmlega fjölda undirbúningstíma á hvern leikskólakennara í kjarasamningum, og svipað hlutfall vildi ætla hverjum leikskólakennara lágmarksundirbúningstíma í kjarasamningum. Eingöngu fjórir svarendur vildu að leikskólastjórinn fengi alfarið að ákvarða undirbúningstíma (sjá mynd 3.12).

Mynd 3.12 Hvernig ber að ákvarða undirbúningstíma?



Þá var spurt hvort leikskólinn hafi haft svigrúm til að útdeila tímum til undirbúnings umfram lágmarksfjölda undirbúningstíma, og ef þeir hefðu ekki haft slíkt svigrúm hver ástæða þess væri. Athyglisvert er að um það bil 60% leikskólanna sem svarendur störfuðu í höfðu ekki haft svigrúm til þess að útdeila tímum til undirbúnings umfram lágmarks fjölda undirbúningstíma. Mynd 3.13 sýnir að í um það bil 56% tilvika var það vegna þess að leikskólarnir höfðu ekki fjárhagslegt svigrúm, í um 40% tilvika var það vegna skorts á starfsfólki, en í einungis 6% tilvika þótti ekki þörf umfram lágmarksfjölda undirbúningstíma (sjá mynd 3.13).

Mynd 3.13 Ástæður fyrir því að ekki var svigrúm til að úthluta viðbótar undirbúningstíma



Eins og áður sagði voru svör við spurningum um mat á undirbúningstíma greind eftir bakgrunnsbreytum. Leikskólastjórahópurinn er hins vegar of fámennur til að unnt sé að setja þær upplýsingar fram. Einnig var dreifing svara oft á tíðum lítil og því enginn munur eftir bakgrunnsþáttum. Varðandi frekari bakgrunnsgreiningu er því vísað í leikskólakennarahópinn.

4 Niðurstöður könnunar meðal leikskólakennara

Í þessum hluta er greint frá mati leikskólakennara á þörf fyrir undirbúningsvinnu utan hefðbundinna starfa á deild, auk viðhorfa þeirra til vinnuaðstöðu og skipulags undirbúningstíma. Eins og áður kom fram vísar leikskólakennari bæði til deildarstjóra, almennra leikskólakennara og aðstoðarleikskólalastjóra.

4.1 Skipulag og vinnuaðstaða


Leikskólakennarar voru spurðir að því hversu langur tími færi að jafnaði í undirbúningsvinnu á viku fyrir utan hefðbundin störf á deild. Í 38% tilvika fóru fimm til sex tímar í undirbúning og í 28% tilvika fjórir til fimm tímar, en þetta má sjá nánar í töflu 4.1.

Tafla 4.1 Hversu langur tími fer að jafnaði í undirbúningsvinnu?

		Hlutfall %	Fjöldi
Fjöldi tíma - flokkaðir	1,9 tímar eða færri	1,1	7
	2,0 – 3,9 tímar	17,4	114
	4,0 – 4,9 tímar	28,3	186
	5,0 – 5,9 tímar	38,2	251
	6,0 – 6,9 tímar	6,7	44
	7,0 – 7,9 tímar	3,8	25
	8 eða fleiri tímar	4,6	30
	<i>Meðaltal: 4,5</i>	100%	657


Leikskólakennarar voru beðnir um að meta vinnuaðstöðu í leikskólanum fyrir undirbúningsvinnu og spurðir að því hvar henni væri sinnt. Rúmlega 17% töldu vinnuaðstöðu vera mjög góða, um það bil 39% töldu hana vera nokkuð góða, tæplega 16% töldu hana hvorki góða né slæma, um 19% töldu hana fremur slæma og um það bil 9% töldu vinnuaðstöðuna vera mjög slæma.

Mynd 4.1 Mat á vinnuaðstöðu í leikskólanum fyrir undirbúningsvinnu.




Meirihluti svarenda sagðist sinna undirbúningsvinnunni alfarið á vinnustað (65%), um þriðjungur bæði á vinnustað og utan hans og einungis 1% alfarið utan vinnustaðar (sjá mynd 4.2).

Mynd 4.2 Hvar er undirbúningi sinnt?




Spurt var hvernig skipulagi undirbúningstíma væri háttað og sýnir mynd 4.3 niðurstöður þeirrar spurningar. Í flestum tilfellum var undirbúningstími nýttur einu sinni í viku (64%) og um fjórðungur leikskólakennara sagðist nýta undirbúningstímanna oftar en einu sinni í viku. Lægra hlutfall sagðist nýta undirbúningstímann daglega (8%), hálfsmánaðarlega (3%) eða sjaldnar en hálfsmánaðarlega (2%).

Mynd 4.3 Hvernig er skipulagi undirbúningstíma háttað?




Í tengslum við skipulag undirbúningstíma var einnig spurt hversu oft eða sjaldan undirbúningstíminn stæðist. Um helmingur svarenda taldi undirbúningstíma standast oft eða frekar oft. Í um það bil 22% tilvika stenst undirbúningstími stundum, í um 8% tilvika sjaldan og í rúmlega 2% tilvika stenst undirbúningstími nánast aldrei (sjá mynd 4.4).

Mynd 4.4 Hvernig stenst skipulag varðandi undirbúningstíma?




Þegar skipulagið stenst ekki sagði tæplega helmingur leikskólakennara að undirbúningstími væri felldur niður. Um 37% sögðu undirbúning unninn síðar, 9% að undirbúið sé í yfirvinnu og 7% að leyst sé úr því með öðrum hætti (sjá mynd 4.5).

Mynd 4.5 Standist skipulagið ekki, hvernig er leyst úr því?




Mynd 4.6 sýnir svör við spurningu um hvort leikskólakennarar séu leystir af á deild þegar undirbúningsvinnu er sinnt. Á myndinni má sjá að helmingur leikskólakennara sagðist oftast eða alltaf vera leystur af en fimmtungur að þeir væru nánast aldrei eða aldrei leystir af. Um 15% sögðust oft vera leystir af, 10% sögðust stundum fá afleysingar og 5% svarenda sögðust aldrei eða nánast aldrei vera leystir af á meðan undirbúningsvinna fer fram (sjá mynd 4.6).

Mynd 4.6 Kemur starfsmaður í afleysingar á deild þegar þú sinnir undirbúningsvinnu?



Spurt var hvort leikskólakennurum þætti nauðsynlegt að vera leystir af þann tíma sem undirbúningsvinnu væri sinnt. Mynd 4.7 sýnir að meirihluti svarenda taldi nauðsynlegt að fá alltaf eða oftast afleysingarmanneskju inn á deild (66%). Um 15% leikskólakennara sögðu það oft nauðsynlegt og 10% það sé stundum nauðsynlegt. Um 6% svarenda sögðu nánast aldrei nauðsynlegt að kalla til afleysingarmanneskju allan þann tíma sem undirbúningsvinnu væri sinnt (sjá mynd 4.7).


Mynd 4.7 Er nauðsynlegt að fá afleysingu allan þann tíma sem undirbúningsvinnu er sinnt?



4.2 Þörf á undirbúningstíma


Eins og greint var frá er undirbúningstími á viku miðaður við ákveðinn tímafjölda á stöðugildi, eða 4 tíma fyrir leikskólakennara og 5 tíma fyrir deildarstjóra og var spurt um ánægju með núverandi fjölda undirbúningstíma. Þriðjungur reyndist frekar ánægður og 7% mjög ánægður með fyrirkomulagið. Tæplega fjórðungur tók ekki afstöðu til spurningarinnar og um 40% reyndust frekar (29%) eða mjög (9%) óánægðir. Þannig var svipað hlutfall leikskólakennara óánægðir og ánægðir með fyrirkomulagið (sjá mynd 4.8). Þá reyndust hlutfallslega fleiri ánægðir með fyrirkomulagið sem starfa á deildum þar sem fjöldi barna er minni (sjá töflu 7.1 í viðauka).

Mynd 4.8 Ánægja eða óánægja með núverandi fjölda undirbúningstíma



Varðandi fyrirkomulag undirbúningstíma var spurt hvort miða ætti lágmarks fjölda undirbúningstíma við fjölda stöðugilda, fjölda barna eða hvortveggja. Mikill meirihluti svarenda eða 72% þeirra töldu að miða ætti lágmarks fjölda undirbúningstíma bæði við fjölda stöðugilda og fjölda barna. Um fimmtungur taldi að miða ætti við fjölda barna en einungis 7% töldu að miða ætti við stöðugildi eins og sjá má á mynd 4.9. Þó töldu 40% þeirra sem starfa á litlum deildum (færri en 10 börn) að miða eigi við stöðugildi (sjá töflu 7.2 í vikauka).

Mynd 4.9 Á að miða lágmarks undirbúningstíma við fjölda stöðugilda, fjölda barna eða bæði?




Nánast allir leikskólakennarar (92%) töldu að ef deildarstjóri væri eini leikskólakennarinn á starfsdeild, þá þurfi hann fleiri undirbúningstíma en ella. Tafla 4.2 sýnir mat leikskólakennara á þörf fyrir undirbúningstíma á viku fyrir deildarstjóra, leikskólakennara og almenna starfsmenn sé miðað við stöðugildi. Þar má sjá að þeir telja deildarstjóra með leikskólakennaramenntun þurfa 6,7 klukkustundir en án menntunar 6,0 klukkustundir á viku í undirbúning. Leikskólakennarar eru taldir þurfa að meðaltali 4,6 klukkustundir og almennir starfsmenn 2,3 klukkustundir að jafnaði. Þá kom fram nokkur munur á svörum eftir fjölda barna á deild. Eftir því sem fjöldi barna á deild er meiri því meiri undirbúningstíma töldu leikskólakennarar sig þurfa en þetta má sjá nánar í töflu 7.3 í viðauka.

Tafla 4.2 Hvað telur þú að undirbúningstími þurfi að vera mikill í venjulegri viku ?

	Meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Tíðasta gildi
Deildarstjóri með leikskólakennaramenntun	6,7	2	15	5
Deildarstjóri án leikskólakennaramenntunar	6,0	0	15	5
Leikskólakennari	4,6	1	10	4
Almennur starfsmaður	2,3	0	10	2


Sé undirbúningstími miðaður við fjölda barna var spurt hver undirbúningstími fyrir hvert barn á viku þurfi að vera. Svipað hlutfall leikskólakennara taldi undirbúningstíma þurfa að vera 15–20 mínútur (38%) og 21–30 mínútur fyrir hvert barn (35%). Um 15% taldi undirbúningstíma þurfa að vera 31–40 mínútur á viku, 9% merkti við meira en 40 mínútur en einungis 3% að hann þurfi að vera minna en 15 mínútur. Séu niðurstöður við þessari spurningu greindar eftir hlutfalli menntaðra leikskólakennara í skólunum má sjá að tæplega helmingur þeirra sem telur nauðsynlegt að undirbúningstími fyrir hvert barn sé meiri en 40 mínútur eru starfandi í leikskóla með háu hlutfall menntaðra leikskólakennara (hlutfall leikskólakennara 51–100%). Að sama skapi, starfar mikill meirihluti (67%) þeirra sem telur undirbúningstíma eiga að vera minni en 15 mínútur, í leikskólum þar sem hlutfall menntaðra er lágt (hlutfall leikskólakennara 0–35%). Þannig helst hátt menntunarhlutfall í hendur við þörf á lengri undirbúningstíma (sjá töflu 7.4. í viðauka).

Mynd 4.10 Hvað þarf undirbúningstími að vera mikill pr. barn á viku ?




Þá voru leikskólakennarar spurðir í hvaða verkefni þeir myndu helst vilja nýta aukinn undirbúningstíma. Meirihluti (69%) nefndi skipulagningu uppeldisstarfsins og um það bil 12% rafræna upplýsingagjöf. Tæplega 9% töldu mikilvægast að nýta tímann í sérkennslu eða samskipti við sérfræðinga og um 6% í starfsmannastjórnun á deild. Einungis 5% sögðu mikilvægast að verja auknum tíma í foreldrasamstarf, en þetta má sjá nánar á mynd 4.11.

Mynd 4.11 Ef tími til undirbúnings væri aukinn, í hvaða verkefni ber helst að nýta tímann?




Að sama skapi var spurt hvað skipti mestu máli ef rekstrarfé til leikskóla væri aukið og gátu svarendur aðeins valið einn svarmöguleika, jafnvel þó margir telji e.t.v marga þeirra mikilvæga. Mikill meirihluti svarenda taldi mikilvægast að fækka barngildum á hvern starfsmann ef rekstrarfé til leikskóla væri aukið (73%). Varðandi aukinn undirbúning þá vildu 9% helst fjölga undirbúningstímum og 6% að fjölga skipulagsdögum. Að sama skapi töldu 6% að nýta ætti aukinn tíma í að auka stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra og um 3% töldu endurbætur á húsnæði eða lóð brýnastar (sjá mynd 4.12).

Mynd 4.12 Ef rekstrarfé til leikskóla væri aukið, hvað skiptir mestu máli?



Spurt var með hvaða hætti væri best að skipuleggja undirbúningstíma. Helmingur svarenda (51%) taldi að fjöldi undirbúningstíma ætti að vera skilgreindur nákvæmlega á hvern leikskólakennara í kjarasamningum. Um 29% töldu að hverjum leikskólakennara ætti að vera ætlaður lágmarksundirbúningstími í kjarasamningum, um það bil 19% að leikskólastjórinn í samráði við starfsfólk ætti að ákvarða undirbúningstíma. Einungis 1% taldi að leikskólastjórinn ætti alfarið að ákvarða undirbúningstíma en þetta má sjá nánar á mynd 4.13.

Mynd 4.13 Hvernig ber að ákvarða undirbúningstíma?



